

Raflækur ehf.  
Eiður Jónsson  
Árteigi II  
641 Húsavík

2004110020  
6612; 9310

Reykjavík, 10. desember 2004  
/--

**Efni: Árteigsvirkjun 4, 420 kW virkun Nípár, Þingeyjarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Raflækjar ehf. mótttekið. 18. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt Árteigsvirkjun 4, 420 kW virkjun Nípár í Þingeyjarsveit samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13a sbr. lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Þingeyjarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitastjórn Þingeyjarsveitar með bréfi dags. 2. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. desember 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 25. nóvember 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. desember 2004. Frekari upplýsingar bárust frá Raflæk ehf. með bréfum dags. 30. nóvember og 1. og 5. desember 2004.

**FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að reisa um 420 kW virkjun í Nípá við Árteig í Þingeyjarsveit. Í Árteigi sé löng reynsla af rekstri virkjana og hafi fyrsta riðstraumsvirkjunin verið reist árið 1950. Núverandi virkjun sem byggð hafi verið árið 1981, sé 180 kW og muni núverandi veitumannvirki verða notuð í nýju virkjuninni. Gert sé ráð fyrir að rennsli Nípár verði virkjað með stíflu í um 280 m y.s og að virkjuð fallhæð verði 198 m. Núverandi stífla verði lagfærð og stækkuð, steypdur verði þéttiveggur og að undirstöðum og þró endurnýjuð. Vatni verði veitt úr Níþárgili í um 280 m löngum rörum og 400 m löngum skurði, sem fyrir er, að inntakslóni og sé gert ráð fyrir að skurðurinn verði breikkaður í um 1,5 m og muni efni sem til falli við uppgröftinn verða jafnað út við hlið skurðarins. Núverandi inntakslón verði lagfært, framburður undanfarinna ára fjarlægður og komið fyrir á stíflugarðinum. Frá þrónni verði lögð 1040 m löng þrýstipípa sem grafin verði niður samsíða núverandi pípu að nýju 35-40 m<sup>2</sup> og um 4 m háu stöðvarhúsi sem

byggt verði sunnan núverandi stöðvarhúss. Virkjunin verði tengd dreifikerfi RARIK með 11 kW jarðstreng sem plægður verður niður og sé gert ráð fyrir að RARIK muni stækka dreifikerfi sitt og leggja jarðstrenginn frá Þóroddsstöðum að Árteigi. Fram kemur að strengurinn verði væntanlega lagður austan vegar utan veghelgunarsvæðis en nákvæm lega liggja ekki fyrir. Vatn frá virkjuninni verði leitt eftir gömlum skurðum og farvegum til norðurs og vesturs út í Skjálfandafljót.

**Áhrif á náttúrufar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að rennsli Nípar muni minnka á um 3 km kafla frá stíflu að ósi í Skjálfandafljóti. Á þeim kafla renni Nípa í djúpu og þröngu gili með nokkrum fossum, en vegna þeirra sé engin fiskur í gilinu og muni framkvæmdin því ekki hafa áhrif á fiskgengd árinna. Landið sem jarðstrengurinn muni liggja um sé að hluta til ræktað en annars aðallega framræst deiglendi notað til beitar. Fram kemur að gengið verði frá röskuðum svæðum og sáð í þar sem það sé hægt.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé vitað um neina fornminjar eða söguminjar á virkjunarsvæðinu.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæði virkjunarinnar liggja ekki fyrir og sótt verði um framkvæmdaleyfi skv. bráðabirgðaákvæði í skipulags- og byggingalögum vegna byggingar stöðvarhússins.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum sveitastjórnar Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á náttúrufar.** Umhverfisstofnun bendir á að ganga megi betur frá ummerkjum eftir skurðgröft heldur en sést á ljósmynd af núverandi stöðvarhúsi í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram tekið verði tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar við frágang á ummerkjum skurðgraftar.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki sé vitað um fornminjar á því svæði sem þrýstipípan muni liggja um og að fornleifaskráning hafi ekki farið fram. Við vettvangsskoðun hafi töluverður snjór verið á svæðinu og því ekki hægt að skoða leiðina. Fornleifavernd ríkisins vilji fá tækifæri áður en framkvæmdir hefjast og þegar snjóá leysir til að skoða það svæði sem þrýstipípan muni raska og bendir á að ákvörðun um staðsetningu jarðstrengs milli rafstöðvarhúss og dreifikerfis RARIK þurfi að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við

ábendingar Fornleifaverndar ríkisins.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða allt að 420 kW virkjun Nípár í Þingeyjarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a sbr. lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur ólíklegt að virkjunin muni hafa áhrif á náttúrufar þar sem fyrirhuguð framkvæmd mun taka til mjög afmarkaðs svæðis en telur þó að draga þurfi úr raski með góðum frágangi á framkvæmdasvæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifavernd ríkisins um að stofnunin fái tækifæri til þess að skoða svæðið sem þrýstipípan muni liggja um áður en framkvæmdir hefjast. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á náttúrufar eða menningaminjar verði fylgt þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Raflækjar ehf. við tilkynningu og umsagnir og viðbrögð Raflækjar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 420 kW virkjun Nípár í Þingeyjarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Þingeyjarsveitar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmda- og byggingaleyfis, sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. janúar 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Þingeyjarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun, Verkfræðistofa Norðurlands og RARIK.

